



GRÝTUBAKKAHREPPUR

Túngötu 3 – 610 Grenivík – Sími 414-5400
www.grenivik.is

Matvælaráðuneytið
b.t. Jóns Þrándar Stefánssonar
Borgartún 26
105 Reykjavík.

Grenivík 11 janúar 2023.

Tilv.: MAR22090161/05.04.03

Varðar byggðakvóta til Grenivíkur.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps tók erindið fyrir á fundi sínum á mánudag og bókaði eftirfarandi undir dagskrárlíð nr. 6:

„6. Erindi frá Matvælaráðuneyti, úthlutun byggðakvóta 2022/2023, dags. 12. des. 2022.

Með bréfi Matvælaráðuneytis dags. 12. des. 2022, er boðuð úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2022/2023 og koma 141 þorskígildistonn í hlut Grýtubakkahrepps. Jafnframt er óskað eftir sérreglum sveitarstjórna og bókar sveitarstjórn Grýtubakkahrepps eftirfarandi er varðar sérreglur við úthlutun byggðakvóta í sveitarfélaginu;

*Þar sem afla Grenivíkurbáta er almennt landað annarsstaðar og ekið til vinnslu á Grenivík, samþykkir sveitarstjórn að eftirfarandi sérreglur gildi um úthlutun byggðakvóta hreppsins:
1/3 hluta kvótans skal deila jafnt milli þeirra skipa sem sækja um byggðakvóta og eiga heimahöfn í Grýtubakkahreppi.
2/3 hlutum kvótans, skal skipta í hlutfalli við úthlutað aflamark sömu skipa fiskveiðiárið 2022/2023*

Að öðru leyti fer eftir reglugerð um úthlutun byggðakvóta nr. 1370/2022 og lögum um stjórn fiskveiða.“

Þessu er hér með komið á framfæri. Vinsamlegast hafið samband ef frekari upplýsinga er óskað.

Meðf. er einnig útfyllt eyðublað það er ráðuneytið sendi með.

Með bestu kveðjum,

Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri